

REGLUGERÐ nr. 748/2003

um snyrtivörur, með breytingum í rgl. nr. 870/2004 og 385/2005.

Gildissvið og skilgreiningar.

1. gr.

Ákvæði reglugerðar þessarar taka til framleiðslu, innflutnings, dreifingar, notkunar, innihalds og merkinga snyrtivara ásamt kynningu þeirra. Ákvæði reglugerðar þessarar taka ekki til vöru sem fellur undir lyfjalög nr. 93/1994.

2. gr.

Snyrtivörur eru efni eða efnablöndur sem ætlaðar eru til notkunar á mannlíkamann s.s. hörund, hár, neglur, varir, ytri kynfæri, tennur eða slímhimnu í munni.

Snyrtivörum er einkum ætlað að hreinsa, breyta útliti, veita ilm, bæta líkamspéf eða vernda og halda líkamshlutum í góðu ástandi.

Í 1. viðauka við reglugerð þessa er leiðbeinandi listi yfir flokka snyrtivara.

Takmarkanir.

3. gr.

Snyrtivörur mega ekki, við eðlilega notkun, vera skaðlegar heilsu manna.

Óheimilt er að framleiða, flytja inn, selja eða dreifa snyrtivörum sem innihalda efni sem flokkast sem Carc 1 eða 2, Rep 1 eða 2, Mut 1 eða 2 og fá varnaðarmerkin sterkt eitur (Tx) eða eitur (T) samkvæmt reglugerð um flokkun, merkingu og meðferð eiturefna, hættulegra efna og vörutegunda, sem innihalda slík efni.

Snyrtivörur sem innihalda önnur eiturefni í það miklu magni að þær flokkast sem eitur, samkvæmt reglugerð um flokkun, merkingu og meðferð eiturefna, hættulegra efna og vörutegunda, sem innihalda slík efni, mega ekki vera á markaði til almenningsnota, nema það sé sérstaklega heimilað annars staðar í þessari reglugerð.

4. gr.

Óheimilt er að framleiða, flytja inn, selja eða dreifa snyrtivörum sem innihalda:

- a) Efni sem talin eru upp í 2. viðauka. Þó eru leyfar af efnum í 2. viðauka heimilar í snyrtivörum ef tæknilega er ókleift að komast hjá efnaleyfum þrátt fyrir góða framleiðsluhætti.
- b) Efni sem talin eru upp í 3. viðauka ef þau eru notuð utan þeirra marka eða án þeirra skilyrða sem þar er kveðið á um.
- c) Litarefni önnur en þau sem tilgreind eru í 4. viðauka. Litarefnin ber að nota innan þeirra marka og með þeim skilyrðum sem þar er kveðið á um. Snyrtivörur sem eingöngu eru ætlaðar til hárlitunar eru undanþegnar þessu ákvæði.
- d) Rotvarnarefni önnur en þau sem tilgreind eru í 5. viðauka. Rotvarnarefnin ber að nota innan þeirra marka og með þeim skilyrðum sem þar er kveðið á um. Heimilt er í sérstökum tilgangi að nota efni sem merkt eru með (x) í 5. viðauka í öðrum styrk en mælt er fyrir um, ef tilgangurinn kemur greinilega fram í kynningu vörunnar.
- e) Efni til síunar útfjólublárra geisla önnur en þau sem tilgreind eru í 6. viðauka. Efnin sem ætluð eru til síunar útfjólublárra geisla ber að nota innan þeirra marka og með þeim skilyrðum sem þar er kveðið á um.
- f) [Efni og efnablöndur, þ.m.t. fullunnar snyrtivörur, sem prófaðar hafa verið á dýrum eftir að fram hafa komið aðrar samsvarandi nothæfar prófunaraðferðir, sem ekki byggjast á dýratilraunum. Prófunaraðferðir sem hafa verið samþykktar á Evrópska efnahagssvæðinu eru birtar í 10. viðauka með reglugerð þessari og í fylgiskjali 8 við reglugerð um flokkun, merkingu og meðferð eiturefna, hættulegra efna og vörutegunda, sem innihalda slík efni.

Frá 11. mars 2009 er óheimilt að markaðssetja snyrtivörur, ef þær eða innihaldsefni þeirra hafa verið prófuð á dýrum óháð því hvort aðrar samsvarandi prófunaraðferðir hafa komið fram. Markaðssetning er þó heimil til 11. mars 2013, þegar um er að ræða prófanir á eiturhrifum við endurtekna notkun eða á skaðlegum áhrifum á æxlun.]*

Merkingar.

5. gr.

Við merkingu og kynningu snyrtivara skal hafa til hliðsjónar að þær mega ekki, við eðlilega notkun, vera skaðlegar heilsu manna. Þess skal einnig gætt að ekki sé notað orðalag, heiti, ímyndir eða önnur tákni, sem gefa til kynna eiginleika sem snyrtivörur hafa ekki.

[Framleiðandi eða umboðsaðili á Evrópska efnahagssvæðinu getur því aðeins vakið athygli á því á umbúðum eða í upplýsingum sem fylgja með vörunni að engar dýratilraunir hafi verið gerðar, ef framleiðandinn og birgjar hans hafa hvorki gert eða látið gera dýratilraunir á fullunnu vörunni eða frumgerð hennar eða neinum af innihaldsefnum hennar né notað innihaldsefni sem einhver annar hefur prófað á dýrum í þeim tilgangi að þróa nýjar snyrtivörur.]*

6. gr.

Ílát og umbúðir snyrtivara skulu merktar með óafmáanlegu, auðlæsilegu og greinilegu lettri. Merkingar skulu vera á íslensku, ensku eða Norðurlandamáli öðru en finnsku. Þó skulu notkunarreglur og varnaðarorð sem skylt er að prenta á umbúðir, skv. 3., 5. og 6. viðauka, vera á íslensku nema ef eingöngu er um að ræða upptalningu á innihaldsefnum þá er heimilt að hafa áletrunina á Norðurlandamáli öðru en finnsku.

Snyrtivörur á úðabrusum skulu vera merktar í samræmi við sérákvæði um merkingar í reglugerð um flokkun, merkingu og meðferð eiturefna og hættulegra efna og vöruhegunda, sem innihalda slík efni.

7. gr.

Eftirfarandi upplýsingar skulu koma fram á íláti og umbúðum fyrir snyrtivörur:

- a) Nafn og heimilisfang framleiðanda, innflytjanda eða umboðsaðila á Evrópska efnahagssvæðinu.
- b) Nettómagn vörunnar við pökkun hennar gefið upp í einingum metrakerfisins (kg, g, l, ml) nema innihaldið sé minna en 5 g eða 5 ml. Umbúðir ókeyppis sýna eða innri umbúðir utan um einstaka skammta eru undanþegin þessum kröfum.
- c) Lágmarksgeymsluþol, með orðunum: „best fyrir“ og þar á eftir annaðhvort dagsetning eða upplýsingar um hvar dagsetninguna er að finna á umbúðunum. Dagsetningin skal vera greinileg og tilgreina annaðhvort mánuð og ár eða dag, mánuð og ár, í þeirri röð. Ef nauðsynlegt er skal bæta við þessar upplýsingar ábendingu um skilyrði sem þarf að uppfylla til að hægt sé að ábyrgjast tilgreint geymsluþol. Upplýsingar um dagsetningu fyrir geymsluþol þarf ekki fyrir snyrtivörur sem hafa meira geymsluþol en 30 mánuði. Fyrir slíkar vörur skal tilgreina tímabilið sem notandinn getur notað vöruna sér að skaðlausu eftir að umbúðirnar hafa verið opnaðar. Tilgreina skal þessar upplýsingar með tákni sem birt er í 9. viðauka og á eftir því skal koma tímabilið í mánuðum og/eða árum.
- d) Sérstakar varúðarráðstafanir sem viðhafa skal við notkun sem tilgreindar eru í dálkinum „notkunarreglur og varnaðarorð sem skylt er að prenta á umbúðir“ í 3., 5., og 6. viðauka skulu prentaðar á umbúðir, sbr. 6. gr. Ef framangreindum áletrunum verður ekki við komið skulu þær koma fram á fylgiseðli, merkimiða, límmiða eða korti sem fylgir íláti og umbúðum og skal það gefið til kynna á umbúðum og íláti annaðhvort með styttnum upplýsingum eða tákni, sbr. 8. viðauka.
- e) Númer framleiðslulotu eða framleiðslunúmer. Ef vörur eru í smáum ílátum er nægjanlegt að þessar upplýsingar komi fram á ytri umbúðum.
- f) Tilætluð notkun vörunnar, nema það komi skýrt fram í kynningu hennar.
- g) Innihaldsefni snyrtivara við framleiðslu í röð eftir minnkandi magni, sbr. 8., 9. og 10. gr. Listinn yfir efnin beri yfirskriftina „innihaldsefni“ (ingredients). Ef þessu verður ekki við komið skal innihald vörunnar tilgreint á fylgiseðli, merkimiða, límmiða eða korti sem fylgir íláti og umbúðum og skal það gefið til kynna á umbúðum og íláti annaðhvort með styttnum upplýsingum eða tákni, sbr. 8. viðauka.

8. gr.

Heimilt er að tilgreina innihaldsefni að styrkleika undir 1% á íláti og umbúðum í hvaða röð sem er á eftir efnunum sem eru yfir 1% að styrkleika.

Heimilt er að tilgreina litarefni í hvaða röð sem er á eftir öðrum innihaldsefnum.

Eftirfarandi efni eru ekki talin til innihaldsefna:

- a) Óhreinindi í hráefnum sem notuð eru.
- b) Tæknileg hjálparefni sem eru notuð við framleiðslu en eru ekki í fullunninni vöru.
- c) Efni sem eru aðeins notuð í takmörkuðu magni sem leysar eða burðarefni fyrir efnablöndur sem gefa ilm eða angan.

9. gr.

Innihaldsefni sem skráð eru á ílát og umbúðir skal tilgreina með heiti í samræmi við nafnakerfi fyrir innihaldsefni snyrtivara INCI¹. Ef slíkt heiti er ekki til skal nota efnaheiti, CTFA²-heiti, heiti í Evrópsku lyfjaskránni, heiti samkvæmt tilmælum WHO³, EINECS⁴-, IUPAC⁵-, CAS⁶- eða CI⁷-númer (litaskrárnúmer).

Fyrir efnablöndur sem gefa ilm og angan og þau hráefni sem þær eru unnar úr nægir að nota orðin „ilmefni“ eða „lyktarefni“ („perfume“ eða „aroma“), þar sem þeirra er getið í lista yfir innihaldsefni, sbr. g) lið 7. gr. Þó skal geta þeirra efna með nafni sem krafist er að tilgreind séu í dálkinum „aðrar takmarkanir og kröfur“ í 3. viðauka.

Fyrir snyrtivörur sem framleiddar eru í mörgum litbrigðum er heimilt að skrá öll litarefni á merkimiðann að því tilskildu að orðunum „getur innihaldið“ („may contain“) eða tákningu „+/-“ sé bætt við fyrir framan.

10. gr.

Þar sem því verður ekki við komið að birta upplýsingarnar sem um getur í g-lið 7. gr. á íláti, umbúðum, fylgiseðli, merkimiða, límimiða eða korti, vegna stærðar, gerðar eða lögunar vörunnar, t.d. þegar um er að ræða sápu, baðkúlur og aðrar smávörur, skal birta þær í tilkynningu við ílátið þar sem viðkomandi snyrtivara er til sýnis og sölu.

Undanþágur frá merkingum.

11. gr.

Þegar snyrtivara er markaðssett á Íslandi og um er að ræða fyrstu markaðssetningu hennar á Evrópska efnahagssvæðinu er framleiðanda, innflytjanda eða umboðsmanni heimilt vegna viðskiptaleyndar að sækja um undanþágu frá ákvæðum um merkingu með upplýsingum um ákveðin innihaldsefni, sbr. g-lið 7. gr. Sækja skal um undanþáguna áður en varan er sett á markað og skal umsóknin send Umhverfisstofnun.

12. gr.

Umsókn um undanþágu frá innihaldsmerkingum, skv. 11. gr., skulu fylgja eftirfarandi upplýsingar:

- a) Nafn umsækjanda og/eða heiti fyrirtækis.
- b) Heimilisfang umsækjanda.
- c) Nákvæmar upplýsingar um innihaldsefni sem undanþágan á að ná til, þar með talið:
 - 1) CAS-, EINECS- og CI-númer, almennt efnaheiti, IUPAC-heiti, INCI-heiti, heiti í Evrópsku lyfjaskránni og heiti samkvæmt tilmælum WHO,
 - 2) ELINCS⁸-heiti og númer sem efninu er úthlutað ef tilkynnt hefur verið um það í samræmi við tilskipun ráðsins 67/548/EBE⁹, ásamt upplýsingum um samþykki eða synjun umsóknar um undanþágu samkvæmt 19. gr. þeirrar tilskipunar.

¹ INCI: International Nomenclature Cosmetic Ingredient.

² CTFA: Cosmetic, Toiletry and Fragrance Association in USA.

³ WHO: World Health Organization – Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin.

⁴ EINECS: European Inventory of Existing Commercial Chemical Substances – Evrópuskrá yfir markaðssett efni.

⁵ IUPAC: International Union of Pure and Applied Chemistry.

⁶ CAS: Chemical Abstract Service

⁷ CI: Color-Index – Litaskrá, sbr. Rowe Index, 3. útgáfa, Society of Dyers and Colourists, Bradford, England 1979.

⁸ ELINCS: European List of Notified Chemical Substances – Evrópuskrá yfir tilkynnt efni.

⁹ Stjútíð. EB nr. L 196, 16. 8. 1967, bls. 1.

- Ef heiti eða númer sem um getur í 1. og 2. tölul. hér að framan eru ekki til, t.d. þegar um er að ræða náttúruleg innihaldsefni, skal getið um heiti undirstöðuefnis, heiti plöntu- eða dýrahlutans sem efnið er unnið úr svo og heiti hjálpar- og burðarefna, t.d. leysiefna.
- d) Mat á öryggi fullunninnar vöru með tilliti til heilsu manna. Taka skal mið af efnafræðilegri byggingu og áhrifum innihaldsefna á heilsu ásamt notkunarsviði vörunnar.
 - e) Fyrirhuguð notkun efnisins, einkum upplýsingar um vöruflokka sem það er ætlað í.
 - f) Ítarleg greinargerð um ástæður fyrir því að sótt er um undanþágu.
 - g) Heiti allra vörutegunda sem nota á efnið eða efnin í, séu þau þekkt, ásamt nákvæmum upplýsingum um sérhvert vöruheiti. Ef varan hefur ekki fengið nafn má tilkynna það síðar, þó eigi síðar en 15 dögum áður en hún er sett á markað. Ef efnið er notað í margar vörutegundir er nægilegt að leggja fram eina umsókn, að því tilskildu að Umhverfisstofnun fái skýrar upplýsingar um hverja vörutegund fyrir sig.
 - h) Yfirlýsing þar sem fram kemur hvort sams konar umsókn vegna viðkomandi efnis hefur verið send lögbæru yfirvaldi í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu ásamt upplýsingum um niðurstöðu þeirrar umsóknar.

13. gr.

Umhverfisstofnun skal taka umsókn um undanþágu til umfjöllunar og tilkynna umsækjanda ákvörðunina skriflega innan fjögurra mánaða frá því umsókn berst. Við sérstakar aðstæður er heimilt að lengja umfjöllun um umsókn um allt að tvo mánuði en skal þá tilkynna umsækjanda það skriflega og hvenær ákvörðun muni liggja fyrir.

Ef umsókn er samþykkt skal senda umsækjanda skráningartölu sem vörunni er úthlutað. Skráningartalan skal koma fram í innihaldslýsingu í stað innihaldsefnis vörunnar sem um ræðir, sbr. g-lið 7. gr.

Sé umsækjanda synjað um undanþágu skal það rökstutt og skulu umsækjanda látnar í té upplýsingar um áfrýjunarleiðir og áfrýjunarfrest.

14. gr.

Allar breytingar á upplýsingum, sem lagðar hafa verið fram skv. 12. gr., skulu sendar svo skjótt sem verða má til Umhverfisstofnunar.

Verði breytingar gerðar á heitum snyrtivara með umræddu efni skal tilkynna það Umhverfisstofnun eigi síðar en 15 dögum áður en vörunnar eru markaðssettar undir nýju heiti.

Umhverfisstofnun er heimilt að fella undanþágu úr gildi með hliðsjón af breytingunum sem um getur í 1. mgr. eða ef þörf krefur vegna nýrra upplýsinga, einkum ef þær varða heilsu manna. Slík ákvörðun skal tilkynnt umsækjanda innan þess frests og í samræmi við þá málsmeðferð sem um getur í 13. gr.

15. gr.

Veitt undanþága gildir í 5 ár. Ef aðili sem fengið hefur undanþágu telur að sérstakar ástæður séu til þess að lengja gildistíma undanþágunnar getur hann lagt fram rökstudda umsókn um slíka beiðni til Umhverfisstofnunar.

Úrskurða skal um umsókn um framlengingu gildistímans innan sama frests og með sömu skilyrðum og um getur í 13. gr.

Gildistíma undanþága má ekki framlengja lengur en þrjú ár.

Tilkynningaskylda, starfsleyfi, eftirlit og rannsóknir.

16. gr.

Þegar snyrtivara er markaðssett á Íslandi og um er að ræða fyrstu markaðssetningu á Evrópska efnahagssvæðinu skal framleiðandi, innflytjandi eða umboðsmaður tilkynna Umhverfisstofnun um heimilisfang framleiðanda snyrtivörunnar eða heimilisfang þess aðila sem annast innflutning hennar áður en hún er sett á markað.

17. gr.

Fyrirtæki sem framleiðir snyrtivörur skal hafa starfsleyfi í gildi frá viðkomandi heilbrigðisnefnd, sbr. ákvæði í reglugerð um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Verslun með snyrtivörur, bæði heildsala og smásala, skal hafa starfsleyfi í gildi frá viðkomandi heilbrigðisnefnd, sbr. ákvæði í reglugerð um hollustuhætti.

18. gr.

Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga, undir yfirumsjón Umhverfisstofnunar, hefur eftirlit með því að ákvæðum reglugerðar þessarar sé framfylgt.

19. gr.

Framleiðandi, innflytjandi eða umboðsmaður snyrtivara skal hafa eftirfarandi upplýsingar tiltækar fyrir eftirlitsaðila:

- a) Efnasamsetningu vörunnar. Þegar um er að ræða ilmvoðn eða ilmgefandi blöndur skal einnig koma fram heiti og flokkunarnúmer ilmefnablöndu ásamt upplýsingum um birgja.
- b) Eðlisefna- og örverufræðilegar tækniforskriftir hráefna og fullunninna vara, hreinleika efnanna og vottorð um örverufræðilegt eftirlit sem gilda fyrir viðkomandi snyrtivörur.
- c) Framleiðsluaðferð í samræmi við góða framleiðsluhætti.
- d) Mat á öryggi fullunninnar snyrtivöru með tilliti til heilsu manna. Taka skal mið af efnafræðilegri byggingu og áhrifum innihaldsefna á heilsu ásamt notkunarsviði vörunnar. Taka skal sérstakt tillit til þess hvar á líkamann varan skal notuð og hver markhópurinn er. Meðal annars skal vera sérstakt mat fyrir snyrtivörur sem ætlaðar eru börnum yngri en þriggja ára og fyrir snyrtivörur sem eingöngu eru ætlaðar til notkunar útvortis á viðkvæmum stöðum líkamans.
- e) Nafn og heimilisfang eins eða fleiri einstaklinga sem annast matið, sbr. d-lið.
- f) Fyrirliggjandi upplýsingar um óæskileg áhrif á heilsu manna vegna notkunar viðkomandi snyrtivöru.
- g) Gögn er staðfesta verkun sem viðkomandi vara er sögð hafa ef eðli vörunnar eða áhrifanna gefa tilefni til.
- h) [Gögn um allar prófanir á dýrum sem hafa verið framkvæmdar við þróun vörunnar eða öryggismat á henni eða innihaldsefnum hennar, þ.m.t. allar prófanir á dýrum sem hafa verið gerðar til að uppfylla kröfur í lögum eða reglum landa utan Evrópska efnahagssvæðisins.]*

20. gr.

Rannsóknir á efnainnihaldi snyrtivara skulu framkvæmdar samkvæmt ákvæðum tilskipana um greiningaraðferðir til eftirlits með samsetningu snyrtivara, sbr. 7. viðauka.

21. gr.

Umhverfisstofnun skal ef svo ber undir annast rannsóknir vegna opinbers eftirlits með snyrtivörum. Stofnunin getur þó falið öðrum viðurkenndum rannsóknastofnunum, innlendum eða erlendum, að annast slíkar rannsóknir. Farið skal með niðurstöður rannsókna sem trúnaðarmál.

22. gr.

Hafi eftirlitsaðili rökstudda ástæðu til að ætla að tiltekna snyrtivörur, þrátt fyrir að uppfylla skilyrði reglugerðar þessarar, geti skaðað heilsu manna, þá er honum heimilt að stöðva sölu eða takmarka dreifingu vörunnar tímabundið á meðan rannsókn, sem ekki skal taka lengri tíma en fjórar vikur, fer fram. Þó er heimilt að framlengja þennan frest um allt að fjórar vikur ef sérstakar ástæður vegna rannsóknarinnar krefjast að stöðvun sölu eða takmörkun á dreifingu vöru verði framlengd.

Telji eftirlitsaðili eftir rannsókn á snyrtivöru þeirri sem sala hefur verið stöðvuð á eða dreifing hennar takmörkuð, að hún sé skaðleg heilsu manna þá er honum heimilt með rökstuðningi að stöðva sölu og dreifingu vörunnar. Framleiðandi eða innflytjandi ber kostnað vegna þeirra sýnishorna sem send eru til rannsókna svo og allan kostnað af afturköllun vöru. Framleiðandi eða innflytjandi ber allan kostnað af tilkynningu um hættulega vöru sem beint er til almennings, svo sem kostnað við tilkynningu í fjölmiðlum.

Ýmis ákvæði og gildistaka.

23. gr.

Innlendur framleiðandi eða innflytjandi er ábyrgur fyrir því að snyrtivörur hér á markaði séu í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar.

24. gr.

Með brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar skal farið samkvæmt 26. gr. laga nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

25. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 17. gr. A laga nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni, með síðari breytingum.

Einnig er höfð hliðsjón af ákvæðum 1. til 8. tölul. XVI. kafla II. viðauka samningsins um Evrópskt efnahagssvæði, tilskipun 76/768/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna um snyrtivörur, ásamt breytingum í tilskipunum 79/661/EBE, 82/147/EBE, 82/368/EBE, 83/191/EBE, 83/341/EBE, 83/496/EBE, 83/574/EBE, 84/415/EBE, 85/391/EBE, 86/179/EBE, 86/199/EBE, 87/137/EBE, 88/233/EBE, 88/667/EBE, 89/174/EBE, 89/679/EBE, 90/121/EBE, 91/184/EBE, 92/8/EBE, 92/86/EBE, 93/35/EBE, 93/47/EBE, 94/32/EB, 95/17/EB, 95/34/EB, 96/41/EB, 97/1/EB, 97/18/EB, 97/45/EB, 98/16/EB, 98/62/EB, 2000/6/EB, 2000/11/EB, 2000/41/EB, 2002/34/EB, 2003/1/EB, 2003/15/EB, 2003/16/EB, 2003/80/EB, 2003/83/EB, 2004/87/EB, 2004/88/EB, 2004/93/EB, [2004/94/EB og 2005/9/EB]* svo og tilskipun 80/1335/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi nauðsynlegar greiningaraðferðir til eftirlits með samsetningu snyrtivara, ásamt breytingum í tilskipunum 87/143/EBE, 82/434/EBE, 90/207/EBE, 83/514/EBE, 85/490/EBE, 93/73/EBE, 95/32/EB og 96/45/EB.

Reglugerðin öðlast gildi við birtingu. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 776/1998, um snyrtivörur, með síðari breytingum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Heimilt er til 11. mars 2005 að setja á markað snyrtivörur sem ekki uppfylla ákvæði 3. mgr. 7. gr. reglugerðar þessarar.

Breytingar á færslum með EB-tilvísunarnúmer 14 og 60-62 í 3. viðauka A með reglugerð þessari og ákvæði um ný efni með EB-tilvísunarnúmer 93-95 í 3. viðauka A með reglugerð þessari öðlast gildi 24. mars 2005.

Breyting á færslu með EB-tilvísunarnúmer 36 í 5. viðauka með reglugerð þessari öðlast gildi 24. mars 2005.

Sex mánuðum frá gildistöku framangreindra breytinga á 3. og 5. viðauka er með öllu óheimilt að selja snyrtivörur sem ekki uppfylla þær kröfur.

* Textar í hornklofa eru breytingar á reglugerð 748/2003 settar með reglugerð nr. 385/2005. Í gildistökgreininni eru tilvísanir aðlagðar að uppsetningu frumreglugerðarinnar.

Í viðaukum eru breytingar og viðbætur einkenndar með feitu letri.

Umhverfisráðuneytinu, 29. september 2003.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

1. VIÐAUKI

Leiðbeinandi listi yfir flokka snyrtivara.

1. Krem, fleyti, húðmjólk, hlaup og olfur fyrir húð (hendur, andlit, fætur o.s.frv.).
2. Andlitsmaskar.
3. Lituð dagkrem (fljótandi, pasti, púður).
4. Föðunarpúður, baðpúður, hreinlætispúður o.s.frv.
5. Handsápa, ilmsápa o.s.frv.
6. Ilmvatn, snyrtivatn og kölnarvatn.
7. Bað- og steypibaðsvörur (sölt, froða, olía, hlaup o.s.frv.).
8. Háreyðingarvörur.
9. Lyktareyðir, svitalyktareyðir.
10. Hársnyrtivörur; hárlitunar- og aflitunarvörur,

- hárlíðunar- og aflíðunarvörur, festir,
hárlagningarvörur,
hárhreinsivörur (vökvi, hárhreinsiduft, hárfvottalögur),
hárnæringarvörur (vökvi, krem, olía),
hárgreiðsluvörur (vökvi, hárlakk, hárgljái).
11. Rakstursvörur (sápa, froða, vökvi o.s.frv.).
 12. Andlits- og augnförðunarvörur og viðeigandi hreinsiefni.
 13. Varaáburður.
 14. Vörur til tann- og munnhirðu.
 15. Naglasnyrtivörur og naglalakk.
 16. Vörur fyrir viðkvæm þrif útvortis.
 17. Sólbáðsvörur.
 18. Brúnkukrem án sólar.
 19. Efni til að lýsa húð.
 20. Efni sem vinna gegn hrukkum.

2. VIÐAUKI

Listi yfir efni sem óheimilt er að nota í snyrtivörur.

Dálkur a; efnum raðað í stafrófsröð nema olíu- og kolaefnum sem er raðað í EB-tilvísunarnúmeraröð í sérstökum lista aftast í viðaukanum.

Dálkur b; CAS-númer efnanna þar sem það á við (CAS = Chemical Abstract Service).

Dálkur c; birting efnanna í viðauka II við tilskipun 76/768/EBE, með síðari breytingum, ef annað er ekki tekið fram.

Efni	CAS-nr.	EB tilvísunarnúmer
a	b	c
<i>Aconitum napellus</i> L.; blöð, rætur og útdráttur úr jurtinni	84603-50-9	11
<i>Adonis vernalis</i> L. og útdráttur úr jurtinni	84649-73-0	13
adrenalín (epinefrín)	51-43-4	14
akónítín og sölt þess	302-27-2	12
akrýlamíð, önnur en þau sem getið er annars staðar í þessari reglugerð	79-06-1	681
akrýlónítríl	107-13-1	682
alaklór	15972-60-8	1028
alanrótarolía, ef notað sem ilmefni (<i>Inula helenium</i>)	97676-35-2	423
aldrin	309-00-2	1057
alkalípentasýanónítrósýlferrat(II)		255
alkanar, C ₁₀₋₁₃ , klór-	85535-84-8	1109
sek-alkýl- og alkanólamín og sölt þeirra		411
O-alkýldíþíókarbónsýrusölt		336
alkýnalkóhól, esterar þeirra og sölt		16
allóklamíð og sölt þess	5486-77-1	19
2-(4-allýl-2-metoxýfenoxý)-N,N-díetýl-asetamíð og sölt þess (estíl)	305-13-5	224
4-allýl-2,6-bis(2,3-epoxýprópýl)-fenól [1], 4-allýl-6-[3-[6-[3-[6-[3-(4-allýl-2,6-bis(2,3-epoxýprópýl)-fenoxý)-2-hýdroxýprópýl]-4-allýl-2-(2,3-epoxýprópýl)fenoxý]-2-hýdroxýprópýl]-4-allýl-2-(2,3-epoxýprópýl)fenoxý]-2-hýdroxýprópýl]-2-(2,3-epoxýprópýl)-fenól [2], 4-allýl-6-[3-(4-allýl-2,6-bis(2,3-epoxýprópýl)-fenoxý)-2-hýdroxýprópýl]-2-(2,3-epoxýprópýl)fenól [3], 4-allýl-6-[3-[6-[3-(4-allýl-2,6-bis(2,3-epoxýprópýl)fenoxý)-2-hýdroxýprópýl]-4-allýl-2-(2,3-	EB-nr. 417-470-1	1132

Efni	CAS-nr.	EB tilvísunarnúmer
a	b	c
epoxýprópýl)fenoxý]-2-hýdroxýprópýl]-2-(2,3-epoxýprópýl)fenól [4], blanda af [1], [2], [3] og [4]		
allýlglysidýleter	106-92-3	997
allýlísóþíósýanat (sinnepsolía)	57-06-7	18
ambenómíumklóríð og önnur sölt þess ([oxalýlbis(imínóetýlen)]-bis(2-klórbensýl)-díetýlammóníumsölt)	7648-98-8	132
amfetamín, sölt þess og afleiður ásamt söltum afleiðanna	300-62-9	21
amitrol	61-82-5	1081
amín sem virka á miðtaugakerfið („sympathicomimetic amines“); öll efni sem upp eru talin á fyrsta lista yfir lyfseðilsskyld lyf og sem vitnað er til í ákvörðun Evrópuráðsins AP (69) 2		21
2-amínó-1,2-bis(4-metoxýfenýl)etanól og sölt þess	530-34-7	29
4-amínó-2-nítrófenól	119-34-6	412
2-amínó-4-nítrófenól	99-57-0	383
2-amínó-5-nítrófenól	121-88-0	384
4-amínóazóbenzen	60-09-3	990
<i>o</i> -amínóazótólúen (AAT)	97-56-3	989
4-amínóbensósýruesterar með óbundinn amínóhóp að undanskildu 2,3-díhýdroxýprópýl-4-amínóbensóati		167
amínókaprónsýra og sölt hennar	60-32-2	7
4-amínósalísýlsýra og sölt hennar	65-49-6	31
amítríptýlín og sölt þess	50-48-6	146
<i>Ammi majus</i> og útdráttur úr jurtinni t. d. ammidín	90320-46-0	35
amýdríkaín og sölt þess (1,1-bis(dímetyl-amínómetýl)própýlbensóat og sölt þess)	302-70-5	143
amýl-4-dímetylaminóbensóat, blanda af ísómerum (padimat A)	14779-78-3	381
amýlenklóríð (2,3-díklór-2-metýlbútan)	507-45-9	36
amýlnítrítsambönd	110-46-3	247
amýlókáín og sölt þess (1-dímetylaminómetýl-1-metýlprópýlbensóat og sölt þess)	644-26-8	50
<i>Anamirta cocculus</i> L.; ávöxtur	124-87-8	106
andrógensambönd og öll efni með karlhormónsvirkni		37
anilín, sölt þess ásamt halógen- og súlfóafleiðum	62-53-3	22
<i>o</i> -anisidín	90-04-0	708
antiandrógen sterar		390
antimon og sambönd þess	7440-36-0	40
antrasenolía	120-12-7	38
<i>Apocynum cannabinum</i> L. og útdráttur úr jurtinni	84603-51-0	41
apómorfín og sölt þess	58-00-4	42
aprónalíð (2-ísóprópýlpent-4-enóýlþvagefni)	528-92-7	216
arekólín	63-75-2	238
aristólókíasýra og sölt hennar, <i>Aristolochia spp</i> og afurðir hennar	313-67-7	365
arsen og sambönd þess	7440-38-2	43
asametóníumbrómíð og önnur sölt þess	306-53-6	121
asasýklónól og sölt þess	115-46-8	286
asbest	12001-28-4	762
asenókúmaról	152-72-7	254
asetamíð	60-35-5	1076
6-asetoxý-2,4-dímetyl-1,3-díoxan (dímetoxan) (2,6-dímetyl-1,3-díoxan-4-ýlasetat)	828-00-2	368
asetófenón, myndefni með formaldehyði, sýklóhexýlamíni, metanóli og ediksýru	EB-nr. 406-230-1	1128

Efni	CAS-nr.	EB tilvísunar-númer
a	b	c
asetónítríl	75-05-8	393
asetýlenklóríðsambönd (díklóretýlensambönd)		126
asetýletýltetrametýltetralín (AETT) (3'-etýl-5',6',7',8'-tetrahýdró-5',6',8',8'-tetrametýl-2'-asetónafton)	88-29-9	362
asetýlkólín og sölt þess (2-asetóxyetýltrimetýlammóníumhýdroxíð)	51-84-3	2
<i>Atropa belladonna</i> L. og útdráttur úr jurtinni	8007-93-0	44
atrópín, sölt þess og afleiður	51-55-8	45
aziridín	151-56-4	733
azóbenzen	103-33-3	727
ávana- og fíkniefni, náttúruleg og framleidd, sem talin eru upp í töflu I og II í „The single convention on narcotic drugs“ (Treaty Series No 34 (1965)); undirritað í New York 30. mars 1961		306
barbitúröt		220
baríumsölt, að undanskildu: - baríumsúlfat - baríumsúlfíð með þeim skilyrðum sem tilgreind eru í 3. viðauka (tilv.nr. 23, jarðalkalísúlfíð) - baríumlökk, -litarefni og -sölt af litarefnunum sem merkt eru með (x) í 4. viðauka		46
bemegríð og sölt þess	64-65-3	183
benaktýsín	302-40-9	157
bendróflúmetíasíð og afleiður þess	73-48-3	53
benomýl	17804-35-2	1035
bensamín og sölt þess (2,2,6-trímetýl-4-piperidýlbensóat)	500-34-5	51
bensasepín- og bensodíasepínsambönd, sölt og afleiður þeirra		49
bensatrópín og sölt þess	86-13-5	158
bensen	71-43-2	47
1,2-bensendíamín og sölt þess (o-fenýlendíamín og sölt þess)	95-54-5	363
bensidín	92-87-5	26
bensilóníumbrómíð	1050-48-2	60
bensimídasólon	615-16-7	48
4-bensýloxýfenól (4-fenýlmetoxýfenól)	103-16-2	178
bensýlsýaníð, ef notað sem ilmefni	140-29-4	424
benz[a]antrasen	56-55-3	638
benzidín með azólitarefnum		720
benzidínasetat	36341-27-2	717
benzidíndíhýdróklóríð	531-85-1	713
benzidínsúlfat	21136-70-9	716
benzó[e]asefentanrílen	205-99-2	641
benzó[j]flúoranten	205-82-3	640
benzó[k]flúoranten	207-08-9	642
benzó[d,e,f]krýsen, benzó[a]pýren	50-32-8	612
benzó[e]pýren	192-97-2	639
benzýl-2,4-díbrómbútanóat	23085-60-1	1045
beryllíum og sambönd þess	7440-41-7	54
betoxýkaín og sölt þess	3818-62-0	23
bietamiverín	479-81-2	287
N,N-bis(2-klóretýl)metýlamín-N-oxíð og sölt þess	126-85-2	86
3,3-bis(4-hýdroxýfenýl)balíð (fenólpalín)	77-09-8	417
1,1-bis(dímetýlamínómetýl)própýlbensóat og sölt þess (amýdríkaín og sölt þess)	302-70-5	143

Efni	CAS-nr.	EB tilvísunar-númer
a	b	c
1,3-bis(2,3-epoxýprópoxy)benzen, resorsínóldíglýsidýleter	101-90-6	992
bis(2-etylhexyl)palat	117-81-7	677
4-[[bis-(4-flúorfenyl)metylsilyl]metyl-4H-1,2,4-triazól] [1], 1-[[bis-(4-flúorfenyl)metylsilyl]metyl-1H-1,2,4-triazól][2], blanda af [1] og [2]	EB-nr. 403-250-2	754
bis(2-metoxetyl)eter	111-96-6	676
bis(2-metoxetyl)palat	117-82-8	678
bis(η^5 -sýklópentadényl)-bis(2,6-díflúor-3-[pýrról-1-yl]- fenyl)títan	125051-32-3	1009
[[1,1'-bífenyl]-4,4'-díyl]díammóníumsúlfat	531-86-2	714
bífenyl-2-ýlamín	90-41-5	1116
bífenyl-4-ýlamín og sölt þess	92-67-1	726
bínapakrýl	485-31-4	688
2,2'-bíoxíran	1464-53-5	662
4,4'-bí-o-tólúídín	119-93-7	721
4,4'-bí-o-tólúídíndíhýdróklóríð	612-82-8	722
4,4'-bí-o-tólúídínsúlfat	74753-18-7	724
bíþíónól	97-18-7	352
blásýra og sölt hennar	74-90-8	111
blý og sambönd þess	7439-92-1	289
bóluefni, toxín og blóðvatn, sem talin eru upp í tilskipun 75/319/EBE um læknislyf, 2. viðauka		323
bretýlímto sílat	61-75-6	56
bróm	7726-95-6	55
1-bróm-3,4,5-tríflúorbenzen	138526-69-9	1017
brómetan	74-96-4	1097
brómetýlen, brómeten	593-60-2	653
brómfeníramín og sölt þess	86-22-6	59
brómísóval	496-67-3	58
brómmetan	74-83-9	1094
2-brómprópan	75-26-3	644
brúsín	357-57-3	62
búta-1,3-díen	106-99-0	463
bútan, ef það inniheldur $\geq 0,1\%$ af bútadíeni	106-97-8	465
bútanilkaín og sölt þess	3785-21-5	90
2-bútanonoxím	96-29-7	1124
bútópiprín og sölt þess	55837-15-5	288
5-tert-bútýl-1,2,3-trímetyl-4,6-dínítróbensen (musk tibetene)	145-39-1	422
1-bútýl-3-(N-krótonoýlsúlfanilyl)þvagefni	52964-42-8	108
4-tert-bútýl-3-metoxý-2,6-dínítrótólúen (musk ambrette)	83-66-9	414
4-tert-bútýlfenól	98-54-4	340
2-(4-tert-bútýlfenyl)etanól	5406-86-0	1071
bútýlglýsidýleter	2426-08-6	1050
4-tert-bútýlpýrókatekól	98-29-3	341
<i>Chenopodium ambrosioides</i> (rokgjörn olía)	8006-99-3	76
<i>Claviceps purpurea</i> Tul., alkalóíðar og útdráttur úr jurtinni	84775-56-4	98
<i>Colchicum autumnale</i> L. og útdráttur úr jurtinni	84696-03-7	104
<i>Conium maculatum</i> L.; ávöxtur, duft og útdráttur úr jurtinni	85116-75-2	99
<i>Croton tiglium</i> (krótonolía)	8001-28-3	107
damínózíð	1596-84-5	1027
<i>Datura stramonium</i> L. og útdráttur úr jurtinni	84696-08-2	301
DDT (klófenótan)	50-29-3	123
deanolaseglúmat	3342-61-8	3
dekametonbrómíð	541-22-0	214

Efni	CAS-nr.	EB tilvísunarnúmer
a	b	c
dekametýlenbis(trímetýlammóníum)sölt		214
dextrómetorfan og sölt þess	125-71-3	226
dextróprópoxyfen	469-62-5	116
digitalín og allir heterósíðar af <i>Digitalis purpurea L.</i>	752-61-4	134
Disperse Yellow 3	2832-40-8	1055
díallat	2303-16-4	1044
2,4-díamínóanisól og sölt þess (1-metoxý-2,4-bensendíamín og sölt þess)	615-05-4	376
2,5-díamínóanisól og sölt þess (1-metoxý-2,5-bensendíamín og sölt þess)	5307-02-8	377
2,4-díamínófenýletanol og sölt þess	14572-93-1	407
2,6 díamínótólúen (2-metýl- <i>m</i> -fenýlendíamín)	823-40-5	413
2,4 díamínótólúen og sölt þess (4-metýl- <i>m</i> -fenýlendíamín)	95-80-7	364
<i>o</i> -díanisidín með azólitarefnum		711
<i>o</i> -díanisidín, sölt		710
O,O'-díasetýl-N-allýl-N-normorfín	2748-74-5	117
díazómetan	334-88-3	699
díbenz[<i>a,h</i>]antrasen	53-70-3	637
1,2-díbrómetan	106-93-4	651
5-(α,β -díbrómfenetýl)-5-metýlhýdantoín	511-75-1	119
3,5-díbróm-4-hýdroxýbenzónítríl	1689-84-5	1031
1,2-díbróm-3-klórprópan	96-12-8	646
2,2-díbróm-2-nítróetanól	69094-18-4	1090
2,3-díbróm-1-própanól	96-13-9	647
díbrómsalisýlanilíðsambönd	24556-64-7	351
2,6-díbróm-4-sýanófenýlloktanóat	1689-99-2	1032
díbútylþalat	84-74-2	675
díeldrin	60-57-1	1078
díetýl-4-nítrófenýlfosfat	311-45-5	170
2-díetýlamínóetýl-3-hýdroxý-4-fenýlbensóat og sölt þess		128
3-díetýlamínóprópylsinnamat	538-66-9	130
díetýlkarbamóýlklóríð	88-10-8	1112
díetýlmaeat, ef notað sem ilmfeni	141-05-9	426
O,O-díetýl-O-4-nítrófenýlþíófosfat (paraþíon)	56-38-2	131
díetýlsúlfat	64-67-5	749
dífenhýdramín og sölt þess	58-73-1	339
dífenklozasín	5617-26-5	270
dífenoxyíathýdróklóríð	3810-80-8	80
5,5-dífenýl-4-imídasólídon	3254-93-1	160
dífenýlamín, ef notað sem ilmfeni	122-39-4	434
1,3-dífenýlgúanidín	102-06-7	993
dífenýlþýralín og sölt þess	147-20-6	154
4,4'-díhýdroxý-3,3'-(3-metýlþíó-própyíden)díkúmarín		207
2,2'-díhýdroxý-3,3',5,5',6,6'-hexaklór-dífenýlmetan (hexaklórofen)	70-30-4	371
2,4-díhýdroxý-3-metýlbensaldehýð, ef notað sem ilmfeni	6248-20-0	428
4-[4-(1,3-díhýdroxýpróp-2-ýl)fenýlamínó]-1,8-díhýdroxý-5-nítróantrakínón	114565-66-1	1002
3,4-díhýdró-2-metoxý-2-metýl-4-fenýl-2H,5H-pýranó(3,2-c)-1-bensópýran-5-on (sýklókúmaról)	518-20-7	234
6,7-díhýdrógeraníól, ef notað sem ilmfeni (3,7-dímetýl-2-okten-1-ól)	40607-48-5	429
(S)-2,3-díhýdró-1 <i>H</i> -indól-2-karboxýlsýra	79815-20-6	1104

Efni	CAS-nr.	EB tilvísunar-númer
a	b	c
díhýdrókúmarín, ef notað sem ilmefni	119-84-6	427
díhýdrótakysteról	67-96-9	342
5,5'-díísóprópýl-2,2'-dímetýlbífenýl-4,4'-díýldíhýpójodíð (joðtýmól)	552-22-7	361
2,6-díjoð-4-sýanófenýlloktanóat, íoxýniloktanóat	3861-47-0	1063
2,3-díklór-2-metýlbútan (amýlenklóríð)	507-45-9	36
3,3'-díklórbenzidín	91-94-1	712
3,3'-díklórbenzidíndíhýdrógenbis(súlfat)	64969-34-2	718
3,3'-díklórbenzidíndíhýdróklóríð	612-83-9	715
3,3'-díklórbenzidínsúlfat	74332-73-3	719
1,4-díklórbút-2-en	764-41-0	654
díklóretansambönd (etýlenklóríðsambönd)	1300-21-6	125
díklóretýlensambönd (asetýlenklóríðsambönd)		126
(+/-)2-(2,4-díklórphenýl)-3-(1H-1,2,4-tríazol-1-ýl)própýl-1,1,2,2-tetraflúoretýleter	112281-77-3	1001
1,3-díklór-2-própanól	96-23-1	648
2,3-díklórprópen	78-88-6	1102
díklórsalisýlanilíðsambönd	1147-98-4	349
α,α -díklórtólúen	98-87-3	1126
díkúmaról	66-76-2	231
dímetoxan (6-asetoxý-2,4-dímetýl-1,3-díoxan) (2,6-dímetýl-1,3-díoxan-4-ýlasetat)	828-00-2	368
3,3'-dímetoxýbenzidín	119-90-4	709
2,6-dímetýl-1,3-díoxan-4-ýlasetat (dímetoxan) (6-asetoxý-2,4-dímetýl-1,3-díoxan)	828-00-2	368
3,7-dímetýl-2-okten-1-ól, ef notað sem ilmefni (6,7-díhýdrógeraníól)	40607-48-5	429
6,10-dímetýl-3,5,9-undekatríen-2-on, ef notað sem ilmefni	141-10-6	433
7,11-dímetýl-4,6,10-dódekatríen-3-on, ef notað sem ilmefni	26651-96-7	432
4,6-dímetýl-8- <i>tert</i> -bútylkúmarín, ef notað sem ilmefni	17874-34-9	430
dímetýlamín	124-40-3	142
<i>N</i> -(4-((4-(dímetýlamínó)-fenýl)(4-(etýl((3-súlfó-fenýl)metýl)-amínó)fenýl)-metýlen)-2,5-sýklóhexadíen-1-ýliden)- <i>N</i> -etýl-3-súlfóbenzenmetaamíníum-hýdroxíð, natríumsalt, benzýlviolet 4B	1694-09-3	1033
1-dímetýlamínómetýl-1-metýlprópýlbensóat og sölt þess (amýlókaín og sölt þess)	644-26-8	50
<i>N,N</i> -dímetýlanilín	121-69-7	1007
<i>N,N</i> -dímetýlasetamíð	127-19-5	747
[3,3'-dímetýl[1,1-bífenýl]-4,4'-díýl]díammóníumbis(hýdrógensúlfat)	64969-36-4	723
<i>N,N</i> -dímetýlformamíð	68-12-2	743
<i>N,N</i> -dímetýlformamíð (DMFA)	68-12-2	355
dímetýlkarbamóýlklóríð	79-44-7	670
dímetýlnítrósamín	62-75-9	701
1,3-dímetýlpentýlamín og sölt þess	105-41-9	30
dímetýlsítrakónat, ef notað sem ilmefni	617-54-9	431
dímetýlsúlfamóýlklóríð	13360-57-1	752
dímetýlsúlfat	77-78-1	750
dímetýlsúlfoxíð (DMSO)	67-68-5	338
dímevamíð og sölt þess	60-46-8	153
dínatríum-{5[(4'-((2,6-díhýdroxý-3-((2-hýdroxý-5-súlfófenýl)azó)fenýl)azó)(1,1'-bífenýl)-4-ýl)azó]-salísýlató(4-)}kúprat(2-)	16071-86-66	991
dínatríum-4-amínó-3-[[4'- \Rightarrow [2,4-díamínófenýl)azó][1,1'-bífenýl]-4-ýl]azó]-5-hýdroxý-6-(fenýlazó)naftalen-2,7-	1937-37-7	987

Efni	CAS-nr.	EB tilvísunar-númer
a	b	c
dísúlfónat		
dínatríum-3,3'-[[1,1'-bífenýl]-4,4'-dílylbis(azó)]bis(4-aminónaftalen-1-súlfónat)	573-58-0	986
dínikkeltríoxíð	1314-06-3	456
dínítrófenól ísómerar		151
2,4-dínítrótólúen	121-14-2	687
2,3-dínítrótólúen	602-01-7	690
2,6-dínítrótólúen	606-20-2	692
3,4-dínítrótólúen	610-39-9	693
3,5-dínítrótólúen	618-85-9	694
2,5-dínítrótólúen	619-15-8	695
dínítrótólúen	25321-14-6	698
dínoseb, sölt þess og esterar sem ekki er getið annars staðar í þessum lista	88-85-7	684
dínoterb, sölt þess og esterar	1420-07-1	696
1,4-díoxan	123-91-1	343
díoxetedrín og sölt þess	497-75-6	136
5-(2,4-díoxó-1,2,3,4-tetrahydrópýrimidín)-3-flúor-2-hýdroxýmetýltetrahydrófúran	41107-56-6	1064
2,4-díoxó-3,3-dietýl-5-metýlpiperidín og sölt þess (metýprýlon og sölt þess)	125-64-4	133
dísúlfífram	97-77-8	162
díúron	330-54-1	1058
dípíó-2,2'-bispýridíndíoxíð-1,1', viðbótarefni með magnesíumsúlfatríhýdrati (pýripíóndísúlfíð + magnesíumsúlfat)	43143-11-9	396
DNOC	534-52-1	1068
doxýlamín og sölt þess	469-21-6	176
dódekaklórpentasýkló[5.2.1.0 ^{2,6} , 0 ^{3,9} , 0 ^{5,8}]dekan	2385-85-5	1048
efedrín og sölt þess	299-42-3	164
emetín sölt þess og afleiður	483-18-1	163
endrín	72-20-8	196
epínefrín (adrenalín)	51-43-4	14
1,2-epoxýbútan	106-88-7	400
epoxýetýlbenzen	96-09-3	656
1,2-epoxý-3-fenoxýprópan	122-60-1	659
2,3-epoxýprópan-1-ól	556-52-5	660
R-2,3-epoxý-1-própanól	57044-25-4	661
2,3-epoxýprópýl- <i>o</i> -tólýleter	2210-79-9	1042
ergókalsíferól (vítamín D ₂)	50-14-6	335
erionít	12510-42-8	761
eserín (úr <i>Physostigma venenosum</i> Balf.) og sölt þess (fysóstigmín og sölt þess)	57-47-6	166
estíl og sölt þess (2-(4-allýl-2-metoxýfenoxý)-N,N-díetýl-asetamíð)	305-13-5	224
4'-etoxý-2-benzimidazólanilíð	120187-29-3	1005
2-etoxýetanól	110-80-5	666
2-etoxýetýlasetat	111-15-9	673
4-etoxýfenól	622-62-8	178
4-etoxý- <i>m</i> -fenýlendíamín og sölt þess	5862-77-1	406
5-etoxý-3-tríklórmetýl-1,2,4-tíadíazól	2593-15-9	1054
etóheptasín og sölt þess	77-15-6	173
3'-etýl-5',6',7',8'-tetrahydró-5',6',8',8'-tetra- metýl-2'-asetonafton (AETT) (asetýletýltetrametýltetralín)	88-29-9	362

Efni	CAS-nr.	EB tilvísunar-númer
a	b	c
etýlkrýlat, ef notað sem ilmefni	140-88-5	435
etýlbis(4-hýdroxý-2-oxó-1-bensópýran-3-ýl)asetat og sölt sýrunnar (etýlbiskúmasetat og sölt sýrunnar)	548-00-5	204
etýlbiskúmasetat og sölt sýrunnar (etýlbis(4-hýdroxý-2-oxó-1-bensópýran-3-ýl)asetat og sölt sýrunnar)	548-00-5	204
etýlenklóríðsambönd (díklóretansambönd)	1300-21-6	125
etýlenoxíð	75-21-8	182
etýlfenasemíð	90-49-3	272
2-etýlhexansýra	149-57-5	1024
2-etýlhexýl[[[3,5-bis(1,1-dímetyletýl)-4-hýdroxýfenýl]-metýl]tíó]asetat	80387-97-9	680
1-etýl-1-metýlmorfóliníumbrómíð	65756-41-4	1084
1-etýl-1-metýlpýrróliníumbrómíð	69227-51-6	1091
epíonamíð	536-33-4	319
fenadíásól	1008-65-7	208
fenaglýkódól	79-93-6	95
fenarímól	60168-88-9	1075
fenasemíð	63-98-9	269
fenetamín (2- α -sýklóhexýlbensýl(N,N,N'-tetraetýl)-trímetylendíamín)	3590-16-7	112
fenindíon (2-fenýlindan-1,3-díon)	83-12-5	271
fenmetrasín, afleiður þess og sölt	134-49-6	232
fenólpalín (3,3-bis(4-hýdroxýfenýl)palíð)	77-09-8	417
fenópróamat	673-31-4	71
fenósólón	15302-16-6	180
fenópíasínsambönd og afleiður þeirra		320
fenprókúmon	435-97-2	273
fentinhýdroxíð	76-87-9	1099
fentínasetat	900-95-8	1115
fentíon	55-38-9	1072
4-fenýl-3-búten-2-on	122-57-6	356
4-fenýlasófenýlen-1,3-díamínmonóhýdro-klóríðsíttrat (krýsoidínsítrathýdroklóríð)	5909-04-6	81
fenýlbútason	50-33-9	67
<i>o</i> -fenýlendíamín og sölt þess (1,2-bensendíamín og sölt þess)	95-54-5	363
(<i>R</i>)- α -fenýletýlammóníum(-) (1 <i>R</i> , 2 <i>S</i>)-(1,2-epoxýprópýl)-fosfónatmónóhýdrat	25383-07-7	1053
2-fenýlindan-1,3-díon (fenindíon)	83-12-5	271
4-fenýlmetoxýfenól (4-bensýloxýfenól)	103-16-2	178
fenýramídól	553-69-5	274
<i>Ficus carica</i> , ef notað sem ilmefni	68916-52-9	436
fíkjulaufr hrein, ef notuð sem ilmefni	68916-52-9	436
flúaníson	1480-19-9	187
flúazífop-bútýl	69806-50-4	739
flúazífop- <i>P</i> -bútýl	79241-46-6	1103
flúmíoxazín	103361-09-7	736
flúoreson	2924-67-6	189
flúorúrasil	51-21-8	190
flúsíflazól	85509-19-9	740
flússýra, venjuleg sölt hennar, kompleksambönd hennar og vetnisflúoríð að undanskildum þeim sem talin eru upp í 3. viðauka	7664-39-3	191
formamíð	75-12-7	744
fosfamídon	13171-21-6	1013

Efni	CAS-nr.	EB tilvísunar-númer
a	b	c
fosfór og málmfosfíð	7723-14-0	279
frumur, vefir og efni úr mannlíkamanum		416
fúran	110-00-9	732
fúrasólidon	67-45-8	252
fúrfúryltrimetýlammóníumsölt (t.d. jodíð)	7618-86-2	192
fúrókúmarínsambönd (t. d. tríoxýsalan, 8-metoxýsoralen og 5-metoxýsoralen), nema sem venjulegt innihald náttúrulegrar rokgjarnrar olíu. Í sólvarnar- og brúnkuefnum á fúrókúmaríninnihaldið að vera innan við 1 mg/kg.	66-97-7	358
fúrtretóníumjodíð og önnur sölt þess	541-64-0	192
Fysóstigmín og sölt þess (eserín)	57-47-6	166
Galantamín	357-70-0	193
gallamíntríetjodíð	65-29-2	329
geislavirk efni, eins og þau eru skilgreind í tilskipun 96/29/Euratom (OJ L 159, 29.6.1996, p. 1.) , þar sem settir eru öryggisstaðlar til verndar heilsu starfsmanna og almennings gegn hættu af jóniserandi geislun		293
Glúkókortíkóíðar		300
glútetímíð og sölt þess	77-21-4	181
Glýsýklamíð	664-95-9	100
Gullsölt		296
Gúaifenesín	93-14-1	230
gúanetidín og sölt þess	55-65-2	259
Halóperídól	52-86-8	185
heptaklór	76-44-8	1098
heptaklóreporíð	1024-57-3	994
<i>trans</i> -2-heptanal, ef notað sem ilmefni	18829-55-5	437
hexaetýltetrafosfat (HEPT)	757-58-4	316
(1R,2S)-hexahýdró-1,2-dímetyl-3,6-epoxýþalsýruanhýdríð (kantardín)	56-25-7	70
hexahýdrósýklópenta[c]pýrról-1-(1H)-ammóníum-N-etoxy-karbónýl- N-(p-tólýlsúlfónýl)-azaníð	418-350-1	1066
((1R,4S,5R,8S)-1,2,3,4,10,10-hexaklór-1,4,4a,5,8,8a-hexahýdró-1,4:5,8-dímetanonaftalen) (ísodrín)	465-73-6	198
hexaklórbenzen	118-74-1	652
hexaklóretan	67-72-1	197
hexaklórófen (2,2'-díhýdroxy-3,3',5,5',6,6'-hexaklórdífenýlmetan)	70-30-4	371
γ-1,2,3,4,5,6-hexaklórsýklóhexan (γ-BHC)	58-98-9	195
1,2,3,4,5,6-hexaklórsýklóhexan, önnur en þau sem tilgreind eru annars staðar í þessum lista	Raðnúmer: 602-042-00-0	1130
hexametóníumbrómíð og önnur sölt þess	55-97-0	124
hexametýlenbis(trimetýlammóníum)sölt, t.d. brómíð	60-26-4	124
hexametýlfosfórtíamíð	680-31-9	748
hexan	110-54-3	999
hexan-2-on	591-78-6	1074
<i>trans</i> -2-hexanaldíetýlasetal, ef notað sem ilmefni	67746-30-9	438
<i>trans</i> -2-hexanaldímetylasetal, ef notað sem ilmefni	18318-83-7	439
hexaprópýmat	358-52-1	115
<i>Hyoscyamus niger</i> L., blöð, fræ, duft og útdráttur úr jurtinni	84603-65-6	211
hýdrasíðsambönd og sölt þeirra		200
hýdrasín, afleiður þess og sölt af afleiðunum	302-01-2	201
hýdrastín og sölt þess	118-08-1	199
hýdrastínín og sölt þess	6592-85-4	199

Efni	CAS-nr.	EB tilvísunar-númer
a	b	c
(4-hýdrazínfenýl)- <i>N</i> -metýlmetansúlfónamíðhýdróklóríð	81880-96-8	1106
7-(2-hýdroxý-3-(2-hýdroxýetýl- <i>N</i> -metýl-aminó)própýl)þeófyllín (xantínól)	2530-97-4	135
(4-(4-hýdroxý-3-joðfenoxý)-3,5-díjoðfenýl)edikssýra og sölt hennar	51-24-1	5
4-hýdroxý-3-metoxýsinnamýlalkóhól og bensóit þeirra, nema sem venjulegt innihald náttúrulegrar rokgjarnrar olíu	485-35-5	357
11- α -hýdroxý-4-pregnen-3,20-díon og esterar þess	80-75-1	385
6-hýdroxý-1-(3-ísóprópoxyprópýl)-4-metýl-2-oxó-5-[4-(fenýlazó)fenýlazó]-1,2-díhýdró-3-pýridínkarbónítril	85136-74-9	756
8-hýdroxýkínólín og 8-hýdroxýkínólínsúlfat að undanskildum þeim notkunarsviðum sem talin eru upp í 3. viðauka (tilv.nr. 51)	148-24-3	395
(6-(4-hýdroxý-3-(2-metoxýfenýlazó)-2-súlfónató-7-naftýlamínó)-1,3,5-tríazín-2,4-díýl)bis[(aminó-1-metýletýl)ammóníum]format	108225-03-2	757
<i>N</i> -[3-hýdroxý-2-(2-metýlakrýlóýlamínómetoxý)-própoxy-metýl]-2-metýlakrýlamíð [1], <i>N</i> -[2,3-bis-(2-metýlakrýlóýlamínómetoxý)própoxy-metýl]-2-metýlakrýlamíð [2], metakrýlamíð [3], 2-metýl- <i>N</i> -(2-metýlakrýlóýlamínómetoxýmetýl)-akrýlamíð [4], <i>N</i> -(2,3-díhýdroxýprópoxy-metýl)-2-metýlakrýlamíð [5], blanda af [1], [2], [3], [4] og [5]	EB-nr. 412-790-8	759
hýdroxýsín	68-88-2	240
hýdróbietýlalkóhól, ef notað sem ilmefni	13393-93-6	440
hýoskín, sölt þess og afleiður (skópólamín)	51-34-3	295
hýoskýamín, sölt þess og afleiður	101-31-5	210
imíðazólídín-2-tíon	96-45-7	731
4,4'-(4-ímínósýklóhexa-2,5-díenýlidenmetýlen)díanilínhýdróklóríð	569-61-9	706
imperatorín ((9-(3-metýlbút-2-enýloxý)-7H-furó(3,2-g)krómen-7-on)	482-44-0	34
inprókúon	436-40-8	152
<i>Inula helenium</i> , ef notað sem ilmefni (alanrótarolía)	97676-35-2	423
ioxýnil	1689-83-4	1030
ipekakuanha (<i>Cephaelis ipecacuanha</i> Brot. og skyldar teg.); rætur, duft og útdráttur úr jurtinni	8012-96-2	215
3-ímídasól-4-ýlakrýlsýra og etýlester hennar (úrókansýra)	104-98-3	418
ípródíon	36734-19-7	1062
ísoxaflútól	141112-29-0	1020
ísóbútan, ef það inniheldur $\geq 0,1\%$ af bútadíeni	75-28-5	464
4,4'-ísóbútýletýlídendifenól	6807-17-6	1079
ísódrín ((1R,4S,5R,8S)-1,2,3,4,10,10-hexaklór-1,4,4a,5,8,8a-hexahýdró-1,4:5,8-dímetanónaftalen)	465-73-6	198
ísókarboxasíð	59-63-2	52
ísómethepten og sölt þess	503-01-5	228
ísóprenalín	7683-59-2	17
ísóprópamíðjoðíð og önnur sölt þess (<i>N</i> -(3-karbamóýl-3,3-dífenýlprópýl)- <i>N,N</i> -díísóprópýlmetýlammóníumsölt, t.d. joðíð)	7492-32-2	156
6-ísóprópýl-2-dekahýdrónaftalenól, ef notað sem ilmefni	34131-99-2	441
3-(4-ísóprópýlfenýl)-1,1-dímetýlúrea	34123-59-6	1061
2-ísóprópýlpent-4-enóýlþvagefni (aprónalíð)	528-92-7	216
ísósorbíðdínítrat	87-33-2	148
joð	7553-56-2	213

Efni	CAS-nr.	EB tilvísunar-númer
a	b	c
joðmetan	74-88-4	1096
joðtýmól (5,5'-díísóprópýl-2,2'-dímetýlbífenýl-4,4'-díýldíhýpójoðið)	552-22-7	361
johimbin og sölt þess	146-48-5	337
<i>Juniperus sabina</i> L.; blöð, rokgjörn olía og útdráttur úr jurtinni	90046-04-1	294
kadmíum og sambönd þess	7440-43-9	68
kalíumbrómat	7758-01-2	461
kantaridín ((1R,2S)-hexahýdró-1,2-dímetýl-3,6-epoxýþalsýruanhýdríð)	56-25-7	70
kantariðsambönd, <i>Cantharis vesicatoria</i>	92457-17-5	69
kaptafól	2425-06-1	734
kaptan (N-(tríklórmetýlpíó)-4-sýklóhexen-1,2-díkarboximíð)	133-06-2	370
kaptodíamín	486-17-9	140
karamífen og sölt þess	77-22-5	169
karbadox	6804-07-5	735
N-(3-karbamóýl-3,3-dífenýlprópýl)-N,N-díísóprópýlmetýlammóníumsölt, t. d. joðið (ísóprópamíðjoðið og önnur sölt þess)	7492-32-2	156
karbarýl	63-25-2	1082
karbendazím	10605-21-7	996
karbrómal	77-65-6	57
karbútamíð	339-43-5	66
karísópródól	78-44-4	235
katalasi	9001-05-2	74
katekól	120-80-0	408
kínómetíónat	2439-01-2	1052
klófenamíð	671-95-4	85
klófenótan (DDT)	50-29-3	123
klór	7782-50-5	78
